

Nd. **664. Breytingartillögur** [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (MÁM, SI, PJ, JSH).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., 1. mgr. 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., ásamt frádráttarákvæðum 14. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

2. 2. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970, en ákvæði 2. gr. við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.